

Þjónustustefna Langanesbyggðar

Þjónustustefna sveitarfélagsins er sett á grunni 130. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Í júní 2021 var lögfest ákvæði í fyrrnefndum sveitarstjórnarlögum að frumkvæði Byggðastofnunar sem kveður á um að sveitarstjórn skuli móta stefnu sem sveitarfélagið hyggst halda uppi í byggðum og byggðarlögum fjarri stærstu byggðarkjörnum.

Greinin er svo hljóðandi:

[130. gr. a. Stefna um þjónustustig í byggðum og byggðarlögum sveitarfélags.

Samhliða fjárhagsáætlun, sbr. 62. gr., skal sveitarstjórn móta stefnu fyrir komandi ár og næstu þrjú ár á eftir um það þjónustustig sem sveitarfélagið hyggst halda uppi í byggðum og byggðarlögum fjarri stærstu byggðarkjörnum viðkomandi sveitarfélags.

Við gerð og mótnun stefnunnar skal sveitarstjórn hafa samráð við íbúa sveitarfélagsins.

Málsmeðferð við afgreiðslu stefnunnar skal að öðru leyti vera skv. 3. mgr. 62. gr.]

Í greinargerð frumvarpsins segir eftirfarandi um greinina:

„Hér er lagt til það nýmæli að sveitarstjórn beri að setja sér stefnu um það hvaða þjónustustigi sveitarfélagið ætlar að halda uppi í byggðum og byggðarlögum utan stærstu byggðakjarna viðkomandi sveitarfélags og upplýsa íbúa um stefnuna. Ljóst er að með fækkun sveitarfélaga munu jafnframt myndast víðáttumikil sveitarfélög, mögulega með fáum og stórum byggðakjörnum en viðkvæmari byggð á öðrum svæðum innan sveitarfélaganna. Því er mikilvægara en áður að stefna sveitarstjórnar varðandi þjónustustig á slíkum svæðum verði skýr og komi til sérstakrar umræðu og er því lögð til sú skylda á sveitarstjórn að mynda og móta slíka stefnu eftir sérstakt samráð við íbúa sveitarfélagsins, t.d. með opnu umsagnarferli. Ekki er getið sérstaklega um þá þjónustu sem beri að greina frá í stefnunni en gert er ráð fyrir að það verði á ábyrgð sveitarstjórnar að móta heildarstefnu fyrir hverja byggð eða byggðarlag fyrir sig og gera grein fyrir ætluðu þjónustustigi vegna einstakra verkefna sem sveitarfélagið hyggst veita á viðkomandi svæðum, t.d. skólahalds, ferða skólabíla, opnunartíma sundlauga, reksturs félagsheimila o.s.frv. Þá er almennt gert ráð fyrir að sveitarfélag myndi ávallt stefnu um öll þau byggðasvæði sem eru utan stærstu byggðakjarna. Það er hins vegar lagt í hendur sveitarfélaga að ákvarða hvort og hvernig svæði verði skipt frekar upp með tilliti til þjónustustigs, svo sem með því að flokka svæði eftir ákveðinni fjarlægð frá byggðakjarna eða mið við eldri skipan sveitarfélaga eða hreppa. Í 2. mgr. er lagt til að sama fyrirkomulag verði við afgreiðslu á þjónustustefnu sveitarfélagsins skv. 1. mgr. og er við afgreiðslu fjárhagsáætlunar skv. 62. gr. laganna enda ljóst að slíkar áætlanir haldast í hendur.

Við gerð þjónustustefnu sveitarfélaga þarf að hafa í huga lögskyld og lögheimil verkefni samkvæmt yfirliti Stjórnarráðsins sem gefið er út með vísan til 1. mgr. 7. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Verkefni eru lögskyld ef sveitarfélögum er skylt að rækja þau. Lögheimil felast í því að sveitarfélag hefur svigrúm til þess að ákveða hvort verkefninu er sinnt, en ef sú ákvörðun er tekin gildir um verkefnið tiltekinn lagarammi. Einnig þarf að hafa í huga verkefni sem sveitarfélög velja að setja á dagskrá til að gera sveitarfélagið eftirsóknar verðan kost sem eru þá valkvæð verkefni“.

Almennt um þjónustu sveitarfélagsins

Sveitarfélagið Langanesbyggð leggur áherslu á að íbúar upplifi sveitarfélagið sem traustan og ábyrgðarfullan þjónustuaðila við mannlíf og atvinnulíf á svæðinu. Lögð er áhersla á að þjónusta sveitarfélagsins eftir því sem lög og reglur heimila verði löguð að þörfum íbúa og fyrirtækja á grundvelli jafnræðissjónarmiða. Það er sameiginlegt markmið starfsmanna og stjórnenda

sveitarfélagsins að veita metnaðarfulla og framsækna þjónustu. Slíkt samstarf byggist á trausti og virðingu þar sem hver og einn ber ábyrgð á eigin viðhorfum og hugarfari. Langesbyggð er þjónustuaðili sem veitir íbúum, fyrirtækjum og gestum þjónustu með einum eða öðrum hætti. Allt starfsfólk Langesbyggðar á að vera samstíga í að veita góða þjónustu og notendur þjónustunnar ættu að vita hvers þau geta vænst þegar þau sækja þjónustuna. Lögð er áhersla á að þjónustan sé aðgengileg og taki mið af notenda hverju sinni. Þjónustan er sérhæfð fagkunnátta sem fléttast inn í alla starfsemi sveitarfélagsins. Alla þjónustu skal veita sem næst notandanum, þar sem viðkomandi er hverju sinni. Leitast verður við að veita þjónustuna á staðnum, í síma, tölvupóstsamskiptum eða í gegnum fjarfundi. Starfsmenn skulu sinna starfi sínu af samvisskusemi og sýna kurteisi, lipurð og réttisýni og starfa fyrst og fremst í þágu íbúa sveitarfélagsins sem leggur þeim þá skyldu á herðar að setja almannahagsmuni ofar sérhagsmunum. Þjónustustefna getur verið grundvöllur að samfélagssáttmála í Langesbyggð á milli íbúa, fyrirtækja og stjórnisýslu sveitarfélagsins.

Skipulag stefnunnar

Stefnunni er skipt eftir málaflokkum og þar undir hvernig þeirri þjónustu er háttáð í byggðum og byggðarlögum sveitarfélagsins. Í stefnu þessari er Langesbyggð er skipt í eftirfarandi svæði;

Þórshöfn og nágrenni	Bakkafjörður og nágrenni	Dreifbýli
-----------------------------	---------------------------------	------------------

Stefnan er sett fram þannig að fyrst er fjallað um lögskyld verkefni sveitarfélagsins og hvernig þeim er háttáð á hverjum stað fyrir sig. Því næst er farið yfir með sama hætti lögheimil verkefni og loks valkvæð verkefni sem sveitarfélagið veitir þjónustu. Hafa þarf í huga að í mörgum tilfellum er þjónustunni eins háttáð fyrir allt sveitarfélagið í heild.

Lögskyld verkefni

Félagsþjónusta sveitarfélagsins

Aðstoð við erlenda ríkisborgara: Langesbyggð hefur ekki starfandi fjölmenningarfulltrúa en með samstarfi og samningi um félagsþjónustu við Norðurþing hefur það sveitarfélag veitt þjónustu við erlenda ríkisborgara sem ekki tekst að veita á skrifstofu sveitarfélagsins. Skrifstofa sveitarfélagsins óskar eftir aðstoð félagsþjónustu Norðurþings ef við á. Skólarnir, grunnskóli og leikskóli hafa sjálfir séð um mál er varða móttöku nýrra nemenda eftir þörfum og óskum hvers skóla í sveitarfélaginu fyrir sig.

Barnaverndarþjónusta: Starfsmenn barnaverndarþjónustu Norðurþings hafa sinnt barnaverndarþjónustu samkvæmt samningi á milli sveitarfélaganna. Vegna fámennis í Þingeyjarsýslum hefur sveitarfélögum í sýslunni verið gert að sameinast öðru svæði varðandi barnaverndarþjónustu og hafnað undanþágubeiðni um sérsvæði í Þingeyjarsýslu. Sveitarfélögin hafa nú gert samning við félagsþjónustuna á Akureyri (einn samningur) um barnaverndarþjónustu. Verkefni barnaverndar eru meðal annars vinnsla mála skv. barnaverndarlögum nr. 80/2002, ráðgjöf í tengslum við fjölskyldur og barnavernd, umsagnir í umgengins- og ættleiðingarmálum, úttektir á fósturfjölskyldum og stuðningsfjölskyldum, sumardvalir barna og forvarnastarf.

Félagslega ráðgjöf: Samkvæmt áður nefndum samningi um félagsþjónustu á milli Langesbyggðar og Norðurþings hafa félagsráðgjafar starfstöð í Stjórnisýsluhúsinu á Húsavík. Viðkomandi koma í reglulegar heimsóknir eftir þörfum sem og sinna fjarþjónustu þegar við á

Fjárhagsaðstoð: Varðandi fjárhagsaðstoð gildir það sama og um félagslega ráðgjöf. Félagsráðgjafar eru með starfstöð í Stjórnsýsluhúsinu á Húsavík en heimsækja Langanesbyggð eftir þörfum en sinna einnig fjarþjónustu. Íbúar Langanesbyggðar geta óskað eftir að fá viðtöl og ráðgjöf í gegnum fjarþjónustu.

Málefni aldraðra: Á Þórshöfn er dagdvöl aldraðra á Hjúkrunarheimilinu Nausti, félagsstarf, heimsendur matur, heimaþjónusta og akstur aldraðra eftir aðstæðum. Sú heimaþjónusta sinnir einnig Bakkafirði og dreifbýli sveitarfélagsins.

Málefni fatlaðs fólks: Unnin miðlægt fyrir allt sveitarfélagið Langanesbyggð frá Húsavík samkvæmt samningi og í boði er hæfing, frístund, dagvist, búsetuúrræði, skammtímadvöl og ferliþjónusta.

Stuðningsþjónusta: Þjónusta við fatlað fólk og öryrkja, sálfræðingar, iðjuþjálfun, heimsendur matur og heimaþjónusta er í boði á Þórshöfn, Bakkafirði og dreifbýli og ef við á í Norðurþingi samkvæmt samningi um félagsþjónustu.

Túlkaþjónusta: Ekki er samningur um túlkaþjónustu en tengiliðir sem hægt er að kalla til eftir þörfum, ýmist fyrir stað- eða fjarþjónustu.

Upplýsingagjöf vegna barna: Heilt yfir fyrir allt sveitarfélagið er unnið samkvæmt Barnalögum nr. 76/2003.

Vimuvarnir og aðstoð við einstaklinga með fíknivanda: Félagsráðgjafar hafa starfstöð í Stjórnsýsluhúsinu á Húsavík samkvæmt samningi um félagsþjónustu. Viðkomandi heimsækja eftir þörfum Langanesbyggð og sinna fjarþjónustu við sveitarfélagið.

Samþætting þjónustu í þágu barna: Starfsfólk félagsþjónustunnar hefur starfstöð í Stjórnsýsluhúsinu á Húsavík en er í reglulegu sambandi við skrifstofu Langanesbyggðar og Velferðar- og fræðslunefnd. Eins er fjarþjónusta í boði á milli ferða. Í Norðurþingi er skammtímadvöl og frístund í boði. Samþætting í þjónustu barna er rekin í Norðurþingi og kallast Keldan. Að Keldunni koma ýmist fagfólk auk starfsfólks Keldunnar, s.s. kennarar, heilbrigðisstarfsfólk og annað fagfólk eftir eðli hvers máls. Hluti þessa starfs færir til Akureyrar með tilkomu nýs samnings um barnavernd á milli sveitarfélaga í Þingeyjarsýslu og Akureyrarbæjar.

Húsnæðismál

Fasteignamat, skráning (t.a.m. eignaskiptayfirlýsingar) og öflun grunnupplýsinga: Byggingarfulltrúi Norðurþings annast f.h. sveitarfélagsins skráningar fasteigna í fasteignaskrá. Byggingarfulltrúi hefur viðveru í Stjórnsýsluhúsinu á Húsavík en kemur á Þórshöfn eða Bakkafjörð þegar þörf er á. Eins er fjarþjónusta í boði á milli ferða.

Húsnæðismál: Sveitarstjórn styðst við húsnæðisáætlun sveitarfélagsins sem er í árlegri endurskoðun. Ekkert félagslegt leiguhúsnæði er til staðar sem stendur í Langanesbyggð en unnið er að samningum við leigufélög um byggingu slíks húsnæðis á Þórshöfn þar sem sveitarfélaginu stæði til boða leiga á félagslegu húsnæði. Aðrir íbúar sveitarfélagsins utan Þórshafnar gætu sótt um félagslegt leiguhúsnæði og færi úthlutun samkvæmt reglum og viðmiðum þar um.

Húsnæðisáætlanir: Húsnæðisáætlun gildir fyrir allt sveitarfélagið og er uppfærð árlega m.t.t. breytinga og þróunar sem orðið hafa á forsendum hennar á milli ára. Unnið er eftir reglugerð 1248/2018, Húsnæðisáætlanir sveitarfélaga.

Sérstakur húsnæðisstuðningur: Er í boði fyrir þá sem það þurfa og falla undir viðmið reglna sveitarfélagsins. Sótt um rafrænt á vefsíðu sveitarfélagsins og hægt að fá ráðgjöf hjá félagsráðgjöfum í Norðurþingi eftir þörfum.

Viðhald fasteigna: Þjónustumiðstöð sér um viðhald fasteigna sem eru í eigu sveitarfélagsins. Árlega vinnur skrifstofa að forgangslista viðhalds eigna í öllu sveitarfélaginu samhliða fjárhagsáætlun sem byggir á úttekt Þjónustumiðstöðvar og beiðnum stjórnenda hverju sinni.

Fræðslu- og menningarmál

Almenningsbókasöfn: Bókasafn í sveitarfélaginu er á efri hæð í Íþróttamiðstöðinni VER á Þórshöfn.

Grunnskólar: Einn grunnskóli er í sveitarfélaginu á Þórshöfn. Frístundaúrræði, mötuneyti og skólaakstur er til staðar og nemendum ekið frá Bakkafirði og dreifbýli til Þórshafnar.

Leikskólar: Leikskólinn Barnaból er á Þórshöfn. Enginn biðlisti er eftir leikskólaplássi í sveitarfélaginu eftir að nýr leiksóli var byggður árið 2019.

Ráðning kennara, skólastjóra o.fl.: Öll ótímabundin störf eru auglýst og ráðning skólastjóra í höndum sveitarstjórnar en ráðning annars starfsfólks í höndum skólastjóra.

Tónlistarskólar: Tónlistarskóli er rekinn af grunnskólanum í félagsheimilinu Þórsveri. Við skólann eru bæði fastir kennarar og stundakennarar.

Öryggis- og löggæslumál

Almannavarnir (að hluta): Sveitarfélagið fer eftir lögum um Almannavarnir nr. 82/2008.

Sveitarstjóri Langanesbyggðar situr í almannavarnarnefnd í umboði lögreglustjórans á Norðurlandi eystra.

Slökkviliðsstjóri er starfsmaður almannavarnarnefndar.

Brunavarnir og brunamál: Slökkvilið er á Þórshöfn og Bakkafirði en aðalstarfstöð er á Þórshöfn.

Sjóvarnir: Hafnarnefnd og hafnastjóri Langanesbyggðar tryggja sjóvarnir bæði á Þórshöfn og á Bakkafirði samkvæmt lögum um sjóvarnir. Slökkvilið Langanesbyggðar er með samning um mengunarvarnir við hafnirnar.

Umhverfis- og skipulagsmál, dýrahald o.fl.

Eftirlit með mannvirkjagerð og leyfisveitingar: Byggingarfulltrúi Norðurþings sér um eftirlit með mannvirkjagerð og leyfisveitingum í öllum sveitarfélaginu samkvæmt samningi.

Fjallskil: Landbúnaðar- og dreifbýlisnefnd fer með fjallskilamál í Langanesbyggð og í nefndinni eru fulltrúar frá öllum fjallskiladeildum í Langanesbyggð eða eru kallaðir til við gerð fjallskilaseðils. Sveitarstjórn tilnefnir fjallskilastjóra skv. sveitarstjórnarlögum í upphafi hvers kjörtímabils.

Framkvæmd umhverfismats: Byggingarfulltrúi Norðurþings hefur samkvæmt samningi f.h. sveitarfélagsins, eftirlit með að fullnægjandi umhverfismat sé unnið í tengslum við leyfisveitingar vegna framkvæmda.

Gatnagerð: Þjónustumiðstöð Langanesbyggðar sér um framkvæmdir í gatnagerð í öllu sveitarfélaginu í samvinnu við sveitarstjóra og farið eftir framkvæmdaáætlun sveitarstjórnar hverju sinni.

Heilbrigðiseftirlit og mengunarvarnir: Sveitarfélagið í heild heyrir undir Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra og á áheyrnarfulltrúa í heilbrigðiseftirlitsnefnd.

Landgræðsla: Þjónustumiðstöð hefur umsjón með landgræðslu á landi í eigu sveitarfélagsins. Skipulags- og umhverfisnefnd fer með leyfisveitingar vegna landgræðslu í öðru landi innan sveitarfélagsins að höfðu samþykki byggðaráðs.

Meindýraeyðing, dýraeftirlit: Sveitarfélagið ræður meindýraeyði til vinnu í verktöku við dýraeftirlit og eyðingu fyrir allt sveitarfélagið. Sveitarfélagið gerir samninga við aðila vegna refa- og minkaveiði í sveitarfélaginu.

Nafngiftir nýrra náttúrufyrirbæra: Það er á verksviði skipulags- og umhverfisnefndar að gera tillögur að nýjum örnefnum fyrir allt sveitarfélagið með fyrirvara um samþykki sveitarstjórnar.

Skipulagsmál: Skipulags- og umhverfisnefnd gerir tillögur til sveitarstjórnar að nýjum deiliskipulögum og endurskoðun eldri skipulaga. Á skilgreindum hafnarsvæðum er það verkefni þó einnig á höndum hafnarnefndar. Skipulagsfulltrúi á Teiknistofu Norðurlands á

Akureyri ásamt byggingafulltrúa Norðurþings vinna að framgangi skipulags til samræmis við ákvæði skipulagslaga.

Söfnun og meðferð úrgangs: Sveitarfélagið er með samning við fyrirtæki varðandi meðhöndlun og förgun sorps í sveitarfélaginu. Urðunarstaður fyrir sorp er á Bakkafirði með leyfi til 2032 en unnið er að endurskipulagningu sorpmála i heild samkvæmt nágildandi lögum sem tóku gildi 1. janúar 2023. Gert er ráð fyrir að nýskipan sorpmála í Langanesbyggð taki gildi eigi síðar en 1. janúar 2025.

Tilkynningaskylda um fornleifar í hættu eða spjöll á friðlýstu svæði: Á verksviði byggingafulltrúa Norðurþings fyrir allt sveitarfélagið.

Verndarsvæði í byggð: Verndarsvæði í byggð er skipulagsmál og þar með á verksviði byggingafulltrúa að hafa eftirlit með að unnið sé samkvæmt skilmálum verndar.

Lofslagsstefna sveitarfélaga: Ekki er til loftlagsstefna fyrir sveitarfélagið. Skipulags- og umhverfisnefnd í samvinnu við sveitarstjóra og forstöðumann Þjónustumiðstöðvar stefna þó að gerð loftlags- og umhverfisstefnu fyrir allt sveitarfélagið. Sökum orkuskortis hefur verið nauðsynlegt að knýja loðnuvinnslu Ísfélagsins með olíu en ef meiri orka fæst á svæðið opnast möguleika á því að nota rafmagn. Ráðinn hefur verið umhverfisfulltrúi til að móta þessa stefnu í samvinnu við sveitarstjóra og skipulags- og umhverfisnefnd.

Kosningar

Framlög til stjórnmalasamtaka: Á ábyrgð sveitarstjórnar og sveitarstjóra sveitarfélagsins, greitt samkvæmt 5. gr. laga um starfsemi stjórnmalasamtaka nr. 162/2006. Stjórnmalasamtök sækja um styrkinn til sveitarfélagsins.

Alþingis-, forseta- og sveitarstjórnarkosningar: Framkvæmd kosninga í Langanesbyggð fer fram samkvæmt kosningalögum nr. 112/2021. Í sveitarfélaginu er tilnefnd yfirkjörstjórn á fyrsta fundi nýrrar sveitarstjórnar og í framhaldi af því tilnefnt í undirkjörstjórnir eða utan kjörfundarkosning í samvinnu við sýslumann á Norðurlandi Eystra. Vikurnar fyrir kosningar býður sveitarfélagið í samstarfi við sýslumanninn á Norðurlandi eystra upp á utankjörfundar atkvæðagreiðslu á Þórshöfn og Bakkafirði.

Samgöngur

Lagning og viðhald vega og stíga: Þjónustumiðstöð hefur umsjón með þessum málum í öllu sveitarfélaginu þar sem vegir og stígar eru á forræði sveitarfélagsins. Unnið er eftir gildandi framkvæmdaáætlun hverju sinni sem forstöðumaður leggur fram við gerð fjárhagsáætlunar.

Vatns- og fráveitur

Fráveitur: Eignasjóður á og rekur fráveitu kerfi sveitarfélagsins innan beggja þéttbýliskjarna í sveitarfélaginu sem og rotþrær innan og utan þéttbýlis.

Vatnsveitur: Eignasjóður á og rekur vatnsveitur innan þéttbýlis í öllu sveitarfélaginu.

Íþrótt- og æskulýðsmál

Fristundaheimili: Fristundaúrræði og lengd viðvera er fyrir skólabörn á Þórshöfn.

Íþróttamálefni, bygging íþróttahúsa o.fl.: Fjölnota íþróttahús og sundlaug er á Þórshöfn. Einn fótboltavöllur í fullri stærð, einn minni sparkvöllur og körfuboltavöllur eru á Þórshöfn. Frisbee vellir eru á Þórshöfn og á Bakkafirði ásamt svokölluðum ærslabelgjum.

Þjónusta við unglinga: Félagsmiðstöð (Svartholið), starf fyrir 13-18 ára og vinnuskóli er á Þórshöfn fyrir allt sveitarfélagið.

Æskulýðsmál: Styrktar-, samstarfs- og/eða þjónustusamningar er við Ungmennafélag Langnesinga og forstöðumaður Íþróttamiðstöðvar gegnir tímabundið einnig starfi íþrótt- og tómtundafulltrúa og situr í ungmennaráði.

Heilbrigðismál

Bygging heilsugæslu og sjúkrastofnana: Fyrirhugað er að leggja í umfangsmiklar endurbætur á hjúkrunarheimilinu Nausti á Þórshöfn (1 áfangi 2024 – efri hæð). Vilji er til að leggja einnig í miklar endurbætur á neðri hæð (2. áfangi 2025).

Ýmsar aðrar skyldur

Húsmæðraorlof: Langanesbyggð greiðir í húsmæðraorlofssjóð fyrir konur í sveitarfélaginu, samkvæmt lögum um orlof húsmæðra nr. 53/1972.

Jafnréttismál: Velferðar og fræðslunefnd ber ábyrgð á jafnréttismálum í Langanesbyggð í samstarfi við byggðaráð og fer eftir jafnréttisáætlun sem er endurskoðuð reglulega. Einnig hefur sveitarfélagið hlotið jafnlaunavottun sem er endurskoðuð reglulega.

Kirkjur og kirkjugarðar: Sveitarfélagið sinnir skyldum við kirkjugarða og kirkjur samkvæmt lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu nr. 36/1993 og lög um kristnisjóð nr. 35/1970. Óviðunandi aðstaða er hinsvegar vegna þess að sérstakt líkhús vantar í sveitarfélagið.

Umsögn um rekstrarleyfi: Sveitarstjórn og/eða byggðaráð gefur umsagnir fyrir rekstrarleyfi í Langanesbyggð að beiðni Sýslumanns á Norðurlandi eystra.

Útgáfa áfengissöluleyfa: Byggðarráð eða sveitarstjórn gefa umsögn um áfengissöluleyfi í Langanesbyggð að beiðni Sýslumanns á Norðurlandi eystra.

Stjórnsýsla sveitarfélaga

Álagning og innheimta opinberra gjalda: Sveitarstjórn setur gjaldskrár ár hvert samhliða fjárhagsáætlun hvers árs. Gjaldskrár eru birtar á vefsíðu sveitarfélagsins og þær sem við á í B deildum stjórnartíðinda. Sveitarstjóri ber ábyrgð á því í umboði byggðarráðs fyrir sveitarfélagið í heild að framfylgja álagningu og innheimtu. Álagning og innheimta er að mestu rafræn og hægt að fá aðstoð og upplýsingar hjá bókhaldsdeild sveitarfélagsins í gegnum síma eða komu á skrifstofuna á Þórshöfn. Sveitarfélagið er með samning við innheimtufyrirtæki.

Skráning og meðferð persónuupplýsinga: Skrifstofa sveitarfélagsins ber ábyrgð á málaflokknum, sveitarfélagið hefur persónuverndarfulltrúa á sínum vegum (lögmannsstofu) og unnið er eftir lögum um persónuupplýsinga nr. 90/2018 fyrir allt sveitarfélagið.

Starfsmannamál, kjarasamningar: Skrifstofustjóri og launafulltrúi fara með þessi mál fyrir allt sveitarfélagið í samstarfi við sveitarstjóra.

Sveitarstjórnir - verkefni og skyldur: Sveitarstjórn sveitarfélagsins vinnur eftir sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011.

Upplýsingagjöf: Sveitarfélagið vinnur eftir upplýsingalögum nr. 140/2012. Vefsíða sveitarfélagsins og samfélagsmiðlar eru mikilvægur hlekkur í upplýsingagjöf sveitarfélagsins og eru allar helstu upplýsingar að finna þar. Sveitarfélagið er tilraunasveitarfélag hjá fyrirtækinu Wise um rafræna þjónustu. Varðandi beiðni á grundvelli upplýsingalaga er hægt að beina öllum slíkum beiðnum til skrifstofu sveitarfélagsins á Þórshöfn þar sem beiðni er tekin til meðferðar.

Útboð opinberra framkvæmda og innkaupa: Sveitarstjóri og deildarstjórar sjá um útboð opinberra framkvæmda og innkaupa fyrir sveitarfélagið í samvinnu við ráðgjafafyrirtæki þegar það á við. Farið er eftir lögum um opinber innkaup nr. 120/2016 og innkaupareglum sveitarfélagsins. Eins er sveitarfélagið aðili að rammasamningi.

Varðveisla skjala: Sveitarfélagið fer eftir lögum um opinber skjalasöfn nr. 77/2014. Sveitarfélagið vinnur að því að koma upp kerfi til varðveislu skjala Langanesbyggðar sem hluta af tilraunaverkefni sem unnið er í samvinnu við fyrirtækið Wise í samstarfi við aðra stjórnendur.

Lögheimil verkefni

Bann/takmörkun gæludýra- og húsdýrahalds: Sveitarstjórn setur samþykkt um hunda- og

kattahald sem gildir fyrir sveitarfélagið allt.

Hafnir: Forstöðumaður Þjónustumiðstöðvar Langanesbyggðar í umboði hafnarnefndar og hafnarstjóra (sveitarstjóra) sér um viðhald og framkvæmdir á öllum hafnasvæðum í Langanesbyggð. Hafnarverðir eru starfsmenn Þjónustumiðstöðvar.

Héraðsskjalasöfn: Sveitarfélagið kemur að rekstri Héraðsskjalasafni Þingeyinga í samræmi við Lög um opinber skjalasöfn nr. 77/2014.

Hitaveitur: Öll hús í sveitarfélaginu eru hituð upp með rafmagni, ýmist beint með hitakútum eða varmadælum sem eru þó fáar. Viðvarandi orkuskortur er í sveitarfélaginu vegna takmarkana á flutningsgetu til Langanesbyggðar en orkuráðherra hefur skipað starfshóp sem á að koma með lausnir í þeim málum.

Leiklistarmál: Ekkert sjálfstætt leikfélag er starfandi í sveitarfélaginu en sveitarfélagið hefur styrkt uppsetningar á leikþáttum og sýningum í sveitarfélaginu.

Lögreglusamþykktir: Sveitarfélagið samþykkir lögreglusamþykkt sem gildir í Langanesbyggð.

Náttúrustofur: Sveitarfélagið kemur ekki að rekstri slíkrar stofnunar í sveitarfélaginu en hefur í huga að koma upp Náttúrustofu á Skeggjastöðum ef samningar nást við viðkomandi þ.á.m. kirkjuna um leigu á prestsetrinu að Skeggjastöðum. Unnið er að verkefninu í samvinnu við Bygðastofnun í tengslum við verkefnið „Brothættar byggðir“ á Bakkafirði.

Valkvæð verkefni

Þekkingarnet Þingeyinga: Sveitarfélagið kemur að rekstri Þekkingarnets Þingeyinga sem er símenntunarmiðstöð og á aðild í stjórn þess. Í samvinnu við Þekkingarnetið rekur sveitarfélagið „Kistuna – Þekking og þróun“ þar sem boðið er upp á aðstöðu fyrir fjarvinnu, kennslu o.fl. ásamt því sem ýmsum verkefnum á vegum sveitarfélagsins er sinnt af verkefnastjóra Kistunnar.

Skíðasvæði: Ekkert skipulagt skíðasvæði er í Langanesbyggð en bændur í dreifbýli hafa troðið göngubrautir fyrir skíðaiðkun í sínu heimalandi.

Heilsuræktarstöðvar: Sveitarfélagið rekur þreksal í Íþróttamiðstöðinni VER á Þórshöfn.

Björgunarsveitir: Langanesbyggð styrkir björgunarsveitina Hafliða á Þórshöfn.

Vettvangsliðahópur í slysa- og sjúkrauðkollum: Slökkvilið sveitarfélagsins ásamt starfsfólki heilsugæslustöðvar sinnir sjúkraflutningum í Langanesbyggð skv. samningi við HSN.

Hjólastígar: Forstöðumaður Þjónustumiðstöðvar sér um gerð hjólastíga í Langanesbyggð. Farið er eftir framkvæmdaáætlun hverju sinni.

Græn skref: Langanesbyggð tekur þátt í Grænum skrefum. Byrjað er að vinna eftir Grænum skrefum á skrifstofu sveitarfélagsins að Langanesvegi 2 og í skólum.

Skrifstofusetur: Skrifstofa sveitarfélagsins er að Langanesvegi 2 á Þórshöfn og sveitarstjóri með viðtalstíma á Bakkafirði eftir hentugleika.

Tjaldsvæði: Sveitarfélagið rekur tjaldsvæði á Þórshöfn en útvistar rekstur tjaldsvæðis á Bakkafirði samkvæmt tilboði í reksturinn.

Ýmsir styrkir: Langanesbyggð veitir styrki til ýmissa verkefna í sveitarfélaginu. Sérstakur Menningarsjóður Langanesbyggðar styrkir til menningarmála einu sinni á ári, styrkir eru veittir til Björgunarsveitarinnar Hafliða, til hátíða á borð við Bryggjudaga á Þórshöfn og Bakkafest á Bakkafirði. Aðrir styrkir eru tilfallandi og er úthlutað eftir beiðnum upp að ákveðinni heildarupphæð.

Endurskoðun

Stefna þessi er endurskoðuð að lágmarki á hverju ári samhliða fjárhagsáætlun skv. 130 gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Stefna þessi er fyrir komandi ár og næstu þrjú ár þar á eftir um það þjónustustig sem sveitarfélagið hyggst halda uppi.

Þessi drög að þjónustustefnu voru lögð fyrir byggðaráð 30. nóvember 2023 sem samþykkti eftirfarandi:

Bókun um afgreiðslu: Byggðarráð óskar eftir álitni nefnda á þessum frumdrögum með ósk um umsögn um þá liði sem snerta viðkomandi nefndir.

Nefndir hafa fjallað um stefnuna og gefið álit. Hér með gefst íbúum einnig tækifæri til að segja sitt álit á þjónustustefnunni í samræmi við löginn þar sem sveitarfélaginu ber að kynna drögin fyrir þeim áður en þau koma til samþykktar í sveitarstjórn.